# Miðborgin



**Miðborgir** eru stöðugum breytingum háðar. Það er eðli þeirra að þróast í takti við tímann og breyttar þarfir í samfélaginu. Breytingar eru nauðsynlegar til að viðhalda grósku og fjölbreytni sem þurfa að einkenna öfluga miðborg. Miðborgir taka því seint á sig endanlega mynd og er endurskipulagning þeirra viðvarandi verkefni borgaryfirvalda.

Efling miðborgar Reykjavíkur hefur verið forgangsatriði í skipulagsstefnu borgarinnar síðastliðna áratugi. Misvel hefur þó tekist til í gegnum tíðina. Það er ekkert launungarmál að miðborginni hnignaði á margvíslegan hátt um áratugaskeið. Það skeið hófst með fækkun íbúa og starfa og í byrjun þessarar aldar missti miðborgin að nokkru stöðu sína sem helsti kjarni smásöluverslunar á höfuðborgarsvæðinu.

Síðustu ár hefur orðið verulegur umsnúningur á fyrri þróun og má segja að miðborgin sé nú að taka stakkaskiptum. Óhætt er að segja að þessi misserin séum við að upplifa mesta uppbyggingarskeið í sögu hennar. Það er líkt og fyrst nú sé verið að „ljúka“ uppbyggingu samkvæmt skipulagi miðborgarinnar sem hefur verið viðfangsefni borgaryfirvalda í hátt í 90 ár. Auðvitað mun þróunin samt ekki stöðvast, húsin munu áfram skipta um hlutverk, ný hús halda áfram að rísa, byggt verður við eldri húsin og þau endurgerð og almenningsrýmin endurbætt. Tímabil hinnar miklu aukningar byggingarmagns er hins vegar senn liðið. Byggt hefur verið í jöðrunum, búið er að tengja höfn og miðborg á ný og fylla í stærstu götin í götumyndinni þar sem áður voru bílastæðabreiður.

Ein ástæða þessara umskipta hin síðustu ár er hinn nýi atvinnuvegur borgarinnar, ferðaþjónustan, sem einkum finnur sinn vettvang á miðborgarsvæðinu. Aðgerðir borgaryfirvalda á undanförnum árum eru einnig lykilþáttur þess að aukinn kraftur hefur færst í uppbyggingu miðborgarinnar og eflingu mannlífs, menningar og verslunar. Af þeim aðgerðum má nefna stýringu á starfsemi jarðhæða, stefnuna um virkar framhliðar húsa og metnaðarfulla skipulagsgerð þar sem hinn gangandi vegfarandi er settur í öndvegi. Þá má nefna skynsamlega borgarverndarstefnu, endurreisn torga og almenningsrýma með verkefnum eins og „Torgi í biðstöðu“, lokun gatna fyrir bílaumferð sem rýmir fyrir gangandi og endurhönnun umferðargatna sem borgarrýmis. Á allra síðustu misserum hefur síðan verið gripið til aðgerða til að stemma stigu við fjölgun hótela og gististaða, til að vernda fjölbreytnina, íbúasamfélagið sem fyrir er og rótgróna atvinnustarfsemi í miðborginni.

Í þessum bæklingi eru gefin nokkur sýnishorn af þeim umbótum sem hafa átt sér stað á síðustu árum í hinu byggða umhverfi miðborgarinnar. Eftir allmörg mögur ár í uppbyggingu hennar hefur miðborgin endurnýjað aðdráttarafl sitt sem vettvangur fjölbreytni og auðugs mannlífs, menningar og verslunar. Það er óumdeilanlegt að auknar fjárfestingar í almenningsrýmum borgarinnar smita út frá sér, ekki bara til hins stóra byggingaraðila heldur til fjölmargra húseigenda, sem birtist í betra viðhaldi eldri húsa og endurgerð þeirra.

Í bæklingnum má finna samanburð ljósmynda af þekktum götum, götuhornum og byggingum í miðborginni sem tekið hafa breytingum síðustu ár. Eldri myndirnar eru frá árunum 2001–2017 en þær nýrri voru teknar haustið 2017 og á vormánuðum 2018. Þær ljósmyndir sem birtar eru hér eru eingöngu sýnishorn af þeirri skrásetningu sem hefur farið fram. Slík stöðutaka, með ljósmyndun hins byggða umhverfis miðborgarinnar og skráningu starfsemi, er mikilvæg til að staldra við og horfa til baka en ekki síður þegar litið verður um öxl þegar fram líða stundir.

## 1 Austurstræti 22

2003





2018

## 2 Hafnarstræti 19

2012






2018

## 3 Laugavegur 4–6

2007





2018

## 4 Lækjargata 2

2007





2017

**Gangandi og hjólandi vegfarendum á Laugavegi og Skólavörðustíg, yfir sumartímann, fjölgaði um 38% á milli áranna 2013 og 2017**

## 5 Pósthússtræti 1

2014





2018

## 6 Þingholtsstræti 2–4

2007





2017

## 7 Brautarholt 7

2015





2017

## 8 Hlemmur

2005





2018

**75% Reykvíkinga eru jákvæðir gagnvart göngugötum í miðborginni yfir sumartímann**

## 9 Laugavegur 17

2008





2017

## 10 Laugavegur 46

2004





2018

## 11 Stakkholt 2A – 2B

2005





2018

## 12 Tryggvagata 13

2007





2018

**80% Reykvíkinga telja að göngugötur í miðborg Reykjavíkur hafi jákvæð áhrif á mannlíf miðborgarinnar**

**Í miðborginni eru 252 bekkir og 301 ruslastampur**

## 13 Skólavörðustígur 7

2001





2017

## 14 Hafnarstræti

2012





2018

## 15 Hverfisgata 71

2009





2018

## 16 Laugavegur 19

2008





2018

**Tímabil göngugatna í miðborginni árið 2018 verður fimm mánuðir en fjöldi daga með götulokunum hefur fimmfaldast frá árinu 2011**

## 17 Einholt

2005





2018

## 18 Frakkastígur 26A

2007






2018

**Við Laugaveg eru samtals 742 bílastæði í bílastæðahúsum**

## 19 Laugavegur 41B

2006





2018

## 20 Hverfisgata 28 – 34

2013





2018

**60% allra íbúða innan Hringbrautar eru byggðar fyrir 1940**

## 21 Frakkastígur 6A

2012





2018

## 22 Sundhöllin

2014





2017

## 23 Hverfisgata 28

2009





2018

## 24 Skólavörðustígur 40

2007





2018

**2,7 milljörðum króna var varið í endurhönnun gatna og torga í miðborginni á árunum 2007 til 2017**

## 25 Hverfisgata 57–61

2012






2018

## 26 Þingholtsstræti 8–8A

2005





2018

## 27 Laugavegur 74

2007





2018

## 28 Grettisgata 4

2017





2018

**Við Laugaveg og Bankastræti eru 121 verslun eða um 10 verslanir á hverja 100 metra**

## 29 Mýrargata 26

2006






2018

## 30 Hverfisgata 59

2011






2018

## 31 Laugavegur 22A

2003






2018

## 32 Hverfisgata 103

2007





2018

**Við Laugaveg, Hverfisgötu og Skólavörðustíg eru rúmlega 800 íbúðir í dag. Á svæðinu eru yfir 300 íbúðir í byggingu og mun þeim því fjölga um hátt í 40% á næstunni**

## 33 Grandagarður 8

2006





2018

## 34 Hverfisgata

2014





2018

## 35 Ingólfsstræti 23

2013





2018

## 36 Þverholt 11

2003





2018

**Í Kvosinni eru aðeins 60 íbúðir þessa stundina en á næstu misserum mun sá íbúðafjöldi þrefaldast**

## 37 Hverfisgata 64

2009





2018

## 38 Laugavegur 86 – 94

2002





2018

## 39 Skólavörðustígur 43

2009






2018

## 40 Rauðarárstígur 120

2005





2018

**Á árinu 2018 er fjöldi íbúa innan Hringbrautar um 12.800 og hafði fjölgað um 7% á síðustu 20 árum**

## 41 Pósthússtræti

2014







2018

## 42 Hafnarstræti 17

2014





2018

## 43 Bergstaðastræti 20

2007





2018

## 44 Hverfisgata 84

2009





2018

**Við Laugaveg og Bankastræti eru 52 veitingastaðir eða 4,4 veitingastaðir á hverja 100 metra**

## 45 Klapparstígur 30

2007





2017

**Við Skólavörðustíg eru 44 verslanir eða um 9 verslanir á hverja 100 metra**

## 46 Lækjargata 8

2004






2017

## 47 Núllið

2012






2018

## 48 Smiðjustígur

2013






2018

**70% allra bygginga innan Hringbrautar eru byggðar fyrir 1940 og nærri 50% af byggingarmagninu**

## 49 Bergstaðastræti 4

2013






2018

## 50 Frakkastígur 16

2007






2018

## 51 Laugavegur 30 – 30A

2008





2018

## 52 Mjölnisholt 10 – 12

2001





2018

**Í dag er mesta uppbyggingarskeið í sögu miðborgarinnar**

## Starfsemi á jarðhæð: Bankastræti, Hverfisgata, Laugavegur og Skólavörðustígur



# Staðsetningar og endurhannaðar götur





**Umhverfis- og skipulagssvið**
**Reykjavíkurborgar**
Maí 2018

Borgartún 12 – 14
105 Reykjavík

skipulag@reykjavik.is
Sími: 411 11 11

**Ábyrgðarmaður**
Ólöf Örvarsdóttir

**Verkefnastjórn**
Haraldur Sigurðsson
Ólöf Örvarsdóttir
Sigurjón Jóhannsson

**Ljósmyndir og skrásetning**
Sigurjón Jóhannsson

**Aðrar ljósmyndir**
Bragi Bergsson
Elínborg Ragnarsdóttir
Margrét Þormar
Jóhannes S. Kjarval
Aðrir starfsmenn
Reykjavíkurborgar

**Hönnun og umbrot**
Vinnustofa Atla Hilmarssonar

**Kortagerð**
Þórarinn Jón Jóhannsson (LUKR)
Vinnustofa Atla Hilmarssonar

**Prentun:**
GuðjónÓ

Reykjavíkurborg